FW: 2602025 - Afgreiðsla skipulagsnefndar, Heiðarbær við Þingvallavatn, frístundabyggð, kæra til ÚUA nr. 2602004

Til	:	Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>
Frá	:	Anna Linda Sigurðardóttir <annalindas@blaskogabyggd.is>
Heiti	:	FW: 2602025 - Afgreiðsla skipulagsnefndar, Heiðarbær við Þingvallavatn, frístundabyggð, kæra til ÚUA nr. 2602004
Málsnúmer	:	2605035
Málsaðili	:	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skráð dags	:	12.11.2026 12:41:59
Höfundur	:	Anna Linda Sigurðardóttir <annalindas@blaskogabyggd.is>
Viðhengi	:	image001.jpg

From: Rebekka Rut Ingvarsdóttir **Sent:** fimmtudagur, 12. nóvember 2026 12:18**To:** blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; Grímsnes- og Grafningshreppur **Subject:** 2602025 - Afgreiðsla skipulagsnefndar, Heiðarbær við Þingvallavatn, frístundabyggð, kæra til ÚUA nr. 2602004

Some people who received this message don't often get email from rebekka@utu.is. Learn why this is important

Góðan dag,

Á fundi skipulagsnefndar þann 11.11.2026 var erindi þitt tekið fyrir og hlaut það eftirfarandi afgreiðslu:

2602025 - Heiðarbær við Þingvallavatn; Frístundabyggð; Kæra til ÚUA nr. 2602004*Lögð fram niðurstaða úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem felldar eru úr gildi ákvarðanir sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 21. apríl 2026 og sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 22. apríl 2026 um samþykkt deiliskipulags fyrir frístundabyggð í landi Heiðarbæjar við Þingvallavatn.* Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórnir Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps að taka úrskurðinn til kynningar og fela skipulagsfulltrúa að annast birtingu tilkynningar í B-deild Stjórnartíðinda vegna niðurstöðu málsins.

Afgreiðsla skipulagsnefndar hefur verið send viðkomandi sveitarstjórn til staðfestingar.

Sá fyrirvari er á þessari tilkynningu um afgreiðslu skipulagsnefndar að sveitarstjórn staðfesti hana á næsta fundi sínum. Ef niðurstaða sveitarstjórnar verður önnur en skipulagsnefndar þá verður sent út afgreiðslubréf þess efnis.

Skv. 26 gr. stjórnsýslulaga þá er aðila máls heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um, þá ákvörðum sem kæra skal. Sé um að ræða ákvarðanir sem sæta opinberri birtingu telst kærufrestur frá birtingunni.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála: www.uua.is

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við embættið.

Bestu kveðjur,

Rebekka Rut Ingvarsdóttir

_____Verkefnastjóri

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Hverabraut 6, 840 Laugarvatni

Sími: 480 5550

Vefsíða: www.utu.is

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á island.is(mínar síður)